

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## 1. fundur nýkjörinnar stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni við Hagtorg 8. nóvember 1996 og hófst hann kl. 14:15.

### Mætt voru:

Birgir Sigurjónsson formaður, Guðbrandur Kjartansson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Birgir Rafn Gunnarsson, Sigrús Helgason, Marteinn Valdimarsson, Haraldur Þórafinsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Þórhallsson, Sigríður Sigþórsdóttir og Halldór Gunnarsson.

### 1. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og lagði til að stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Sigurgeir Bárðarson verður áfram gjaldkeri og Halldór Gunnarsson ritari, og var það samþykkt einróma.

### 2. Afgreiðsla þingskjala 47. ársþings L.H.

Farið var yfir öll þingskjöl og ályktanir 47. ársþings og málum vísað til áframhaldandi afgreiðslu.

Varðandi tillögu að fjárhagsáætlun 1997 var til umræðu m.a. kostnaður varðandi æskulýðsstarf. Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar og kalla til á þann fund fulltrúa æskulýðsstarfsins.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 12 var rædd varðandi athugun á réttarstöðu hestamannafélaganna við gerð reiðvega sbr. nýju vegalögin. Sigrús Helgason upplýsti að Eyfirðingar eru þegar með lögfr. könnun í gangi vegna leiðar inn á Melgerðismela og í Öngulstaðahreppi er þegar mál í uppsiglingu vegna eyðileggingar á reiðvegi sem Vegagerðin hefur framið og neitar að endurgera. Ræddur var sað valkostur að L.H. beitti sér í þeim málum sem þegar eru í gangi. Málinu frestað og samþykkt að Guðbrandur, Birgir og Sigríður komi með tillögu um úrlausn fyrir næsta fund.

Sigbjörn Björnsson lagði til við fundinn að þingskjalið yrði sent til sveitastjórn og sambærilegra yfirvalda í landinu. Það var samþykkt.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 13 var rædd, þá sérstaklega liður nr. 3: fræðslumál. Halldór Gunnarsson vitnaði í skýrslu stjórnar L.H. frá síðasta þingi, þar sem fram kemur að Hólaskóli hefur tekið gerð fræðsluefnis í sínar hendur. Þá var ræddur sað möguleiki að L.H. styddi við bakið á Hólaskóla til að flýta útgáfumálum. Samþykkt að svara þingskjalinu lið fyrir lið með greinargerð fyrir 48. ársþing L.H.

Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um afdrif viðkomandi tillagna fyrir næsta fund.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 14 var rædd. Eftirtalin sjónarmið komu m.a. fram:

Hver verður staða hestamannafélaganna innan ÍSÍ?

Er keppnisréttur gegnum ungmannafélögin jafn rétthár og frá íþróttadeildum?  
Hvernig skal kynna sameiningarmálín út í félögnum?  
Er tryggt að reiðvegafé verði áfram úthlutað til deildar innan ÍSÍ?

Halldór benti á naumar tímasetningar í þingskjali nr. 14. Hann benti einnig á litla fundarsókn og líttinn áhuga hjá hinum almenna hestamanni á kynningu sameiningarmálanna s.l. haust. Ekki væri von á betri undirtektum núna. Halldór lagði fram tillögu þess efnis að senda greinargerð til allra félagsmanna - með og móti sameiningu. Félagsstjórnum yrði falið að kalla inn atkvæðaseðla fyrir 1. mars n.k.

Skipun í nefnd sbr. þingskjal nr. 14 var frestað þar til hlutverk hennar væri betur skilgreint. Málinu frestað til næsta fundar.

Stjórnarmenn listi hjá sér spurningar og athugasemdir með og á móti sameiningu fyrir stofnun nefndar sbr. þingskjal nr. 14, grein 2.

Þingskjal nr. 16 var rætt að mestum hluta til undir þingskjali nr. 12. Samþykkt að senda þingskjal nr. 16 til viðkomandi stjórnvalda.

Þingskjal nr. 17 frá æskulýðsnefnd verður rætt á næsta fundi stjórnar með fulltrúm æskulýðsnefndar.

Ályktun fræðslu- og útgáfuneftnar var rædd. Formanni og framkvæmdastjóra falið að skrifa bréf til skólastjóra Hólaskóla með þessari ályktun.

### **3. Skipað í starfsnefndir.**

#### **Ferða og umhverfismálanefnd:**

Sigríður Sigþórsdóttir formaður, aðrir nefndarmenn tilnefndir á næsta fundi stjórnar.

#### **Reiðveganefnd:**

Sigurgeir Bárðarson formaður, Jón Bergsson og Birgir Rafn Gunnarsson.

Sigbjörn ítrekaði að hestamannafélögin tækju sig saman varðandi umsóknir sínar, þannig að lengri vegalengdir væru lagðar í senn. Samþykkt að Sigríður vinni tillögur fyrir næsta fund um samvinnu vegagerðar - og trúnaðarmanna L.H.

#### **Skógarhólanefnd:**

Gunnar B Gunnarsson formaður, Hreinn Ólafsson og Guðmundur Einarsson.

#### **Mótanefnd:**

Sigbjörn Björnsson formaður, Halldór Gunnarsson og Reynir Hjartarson.

Sigbjörn gerði grein fyrir undirbúningsvinnu fyrir síðasta L.H. þing og lagði áherslu á að nefndir skiliðu markvissum niðurstöðum fyrir þing, þannig að frjóar og markvissar umræður skapist á þingunum.

#### **Keppnisnefnd:**

Grettir B Guðmundsson formaður, Arnar Guðmundsson, Þormar Ingimarsson, Hulda Gústafsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir.

#### **Agadómstóll:**

Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Þór Sigþórsson og Birgir Rafn Gunnarsson.

#### **Lyfjanefnd L.H. og HÍS:**

**Frá L.H.:** Guðbrandur Kjartansson, Sigríður Björnsdóttir og Einar Ólafsson.

Samþykkt að boða til fundar með formanni Dómarafélagsins fljótlega eftir áramót.

Frestað að skipa í æskulýðsnefnd L.H. og HÍS. Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga fyrir næsta fund um hlutverk L.H. fulltrúa í mannvirkjanefnd HÍS og L.H. Samþykkt að fresta tilnefningu í þá nefnd ásamt FEIF nefnd og samskiptanefnd L.H. við HÍS.

**4. Aðalfundur Landverndar.**

Sigríður gerði grein fyrir aðalfundi Landverndar. M.a. lá fyrir fundinum tillaga um að opna reiðleiðir um Alviðru í samvinnu við hestamannafélögin á svæðinu. Framkvæmdastjóri L.H. Sigurður Þórhallsson upplýsti að 2. apríl sótti Ólafur Jónsson fund Ferðafélags Íslands þar sem ferðamál um miðhálendið var til umfjöllunar.

**5. Samráðsfundur fagráðs í hrossarækt.**

L.H. á rétt á fjórum mönnum. Formanni og framkvæmdastjóra falið að tilnefna fulltrúa.

**6. Starf Porkels Bjarnasonar.**

Samþykkt einróma að heiðra Porkel Bjarnason fráfarandi hrossaræktarráðunaut fyrir árangursríkt starf í þágu hrossaræktarinnar s.l. 35 ár, á Uppskeuhátið hestamanna 15. nóv. n.k.

**7. Varðveisla ósnortinna víðerna.**

Beiðni Alþingis um umsögn L.H. um þingsályktunartillöguna; "varðveisla ósnortinna víðerna". Sigríði falið að skoða hana fyrir næsta fund.

**8. Önnur mál.**

Birgir formaður lagði fram reikninga sem honum hafa borist frá HÍS, þar á meðal ferðakostnaður Sigurðar Magnússonar vegna kynningarfunda s.l. haust að upphæð kr. 304.000.-

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 19:30

Næsti fundur ákveðinn 6. des. n.k. að sama tíma, á sama stað.

Sigríður Sigþórsdóttir ritaði þessa fundargerð.

Allir aðal- og varastjórnarmenn voru mættir nema Sigurður Ragnarsson.